



Ferð bygginganefndar Fljótsdalshrepps þann 16. október 2010 á Fljótsdalsheiði.

Ferðin hófst kl. 13:00 frá Eyrarlandi

Þeir sem boðuðu sig í ferðina úr byggingarnefnd eru eftirtaldir:

Eiríkur J. Kerúlf	nefndarmaður
Sveinn Ingimarsson	varamaður nefndar
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingarfulltrúi

aðrir nefndarmenn komust ekki vegna anna.

Varðar: Jarðvegsfrágang við Jökulsárveitu

Að beiðni sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps fór byggingarnefnd til að skoða jarðvegsfrágang á Fljótsdalsheiði. Þorsteinn Valur Baldvinsson eftirlitsmaður hjá Hnit verkfræðistofu var leiðsögumaður í ferðinni.

Allar vinnubúðir hafa verið fjarlægðar með tilheyrandi búnaði af svæðinu við Hraunaveitu.

Búið er að jafna flest öll svæði fyrir sáningu en eftir er að sá í stóran hluta af landinu.

Sáningin verður framkvæmd næsta sumar að sögn eftirlitsmanns. Á flestum stöðum er frágangur til fyrirmyndar að mati byggingarnefndarinnar. Þorsteinn vildi ekki giska á hversu stórt svæðið væri, sem ætti eftir að sá í, en sagði jafnframt að þær tölur myndu birtast í skýrslu eða samantekt sem hann væri að vinna að og myndi líta dagsins ljós á næstunni.

Búið er að móta flestar námur og verður þeim lokað með sáningu. Ein náman sker sig þó úr að mati nefndarinnar. Sú náma er staðsett við Kelduárlón. Náman hefur verið grafin í mel og eftir stendur allt að 20 m hár klettaveggur. Klettabrúin gæti reynst hættuleg sérstaklega fyrir menn á vélknúnum ökutækjum. Búið er að setja upp tvö aðvörunarskilti með 50 m millibili uppi á brún klettaveggjarins að sögn eftirlitsmanns, en nefndin vill koma þeim athugasemdum á framfæri að þarna geti verið hætta fyrir hendi. Spurning er hvort meiri hindrun á brún væri framkvæmanleg til að hindra möguleg slys. Sjá myndir af námunni á næstu síðu.

Skoðuð voru einnig aðgöng eitt og tvö. Við aðgöng eitt stendur gámur fyrir utan sem eftir er að fjarlægja. Í lok ferðarinnar var járnrind yfir jöfnunarstokkinn á Hólsufs skoðuð.



Horft inn í námuna



Horft að námu frá vegi